

Fimmtudaginn 10. febrúar 1994.

Nr. 392/1993.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðjóni Hjörvari Hjaltasyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Friðhelgi einkalífs. Lögregluáminning. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og var því af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. ágúst 1993 til þyngingar á refsingu.

Samkvæmt 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er það skilyrði refsíabyrgðar, að lögregla hafi áður veitt sakborningi áminningu. Rétt er, að í slíkri áminningu sé tilgreint svo gjörla, sem kostur er, efni þeirra ávirðinga, sem áminnt er fyrir, og þau tímabil, er hin ámælisverða hegðun á að hafa átt sér stað. Þótt þessa hafi ekki verið gætt sem skyldi 11. febrúar 1988 og 12. mars 1991, er ákærði var áminntur af lögreglu, verður það ekki talið koma að sök, enda hefur hann viðurkennt fyrir dómi að hafa sætt þessum áminningum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara. Refsing ákærða er hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðjón Hjörvar Hjaltason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð,

40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 27. júlí 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 27. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-1685/1992: Ákærvaldið gegn Guðjóni Hjörvari Hjaltasyni.

Mál þetta var þingfest þann 8. janúar sl., en dómtekið þann 25. júní sl. Hins vegar hefur dregist um viku að kveða upp dóm í málinu vegna spítalavistar dómara.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. nóvember sl., „... á hendur Guðjóni Hjörvari Hjaltasyni, Strandgötu 79a, Eskifirði, fæddum 8. ágúst 1942, fæðingarnúmer 325, fyrir ofsóknir og ónæðisathafnir á Eskifirði árin 1988–1992 með því að hafa, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar lögreglunnar þar, þá fyrstu 11. febrúar 1988, haldið áfram að ofsækja og ónáða Þórunni Gyðu Kristjánsdóttur, Strandgötu 120, með símhringingum heim til hennar og á vinnustað, en 28 símtöl frá árinu 1990 voru tekin upp á segulbandsspólu og fylgja með í máli þessu, enn fremur með því að láta hana ekki í friði á götum úti, bæði gangandi og akandi, svo og að vera með ónæðisathafnir utan við heimili hennar og önnur hús þar sem hún var gestkomandi, þannig að hún gat ekki um frjálst höfuð strokið, en allar þessar athafnir ákærða bitnuðu og á sambýlismanni hennar og börnum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

— — —

Málavextir.

Hinn 10. febrúar 1988 sneri Þórunn Gyða Kristjánsdóttir sér til lögreglunnar á Eskifirði og kærði ákærða í máli þessu fyrir áreitni af hans hálfu í sinn garð. Taldi hún upp nokkur tilvik í þessu sambandi og kvaðst lifa í stöðugum ótta við ákærða. Krafðist hún þess að lögregla sæi til þess að ákærði léti af háttsemi sinni.

Þann 11. febrúar 1988 kallaði Björn Halldórsson lögreglufulltrúi ákærða fyrir og veitti honum áminningu.

Með ódagsettu bréfi, móttæknu þann 8. janúar 1990, ítrekaði kærandi ósk til lögreglustjórans á Eskifirði um að ákærða yrði á ný veitt áminning eða viðvörðun þar sem hann hefði ekki látið af háttsemi sinni.

Með bréfi, dagsettu 1. október 1990, til lögreglustjórans á Eskifirði var

þess krafist af hálfu kæranda að ákærða yrði refsað, með vísan til 232. gr. laga nr. 19/1940, en að einnig væri um að ræða ofsóknir ákærða í garð fjölskyldu kæranda. Í framhaldi af því yfirheyrði lögregla í þessum októbermánuði ákærða tvisvar og tvö vitni, auk þess sem segulbandsspóla sú, sem nefnd er í ákæru, var afhent lögreglu.

Samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara í bréfi, dags. 14. febrúar 1991, var ákærði áminntur hjá lögreglu þann 12. mars 1991 í samræmi við ákvæði 232. gr. laga nr. 19/1940.

Þann 19. mars 1991 gaf Þórunn Gyða á ný skýrslu hjá lögreglu og ítrekaði óskir um að ákærði léti hana í friði, en sú skýrsla var gefin í framhaldi af ákveðnu atviki milli hennar og ákærða og var ákærði enn yfirheyrður hjá lögreglu.

Þann 29. september 1992 ítrekaði nefnd Þórunn hjá lögreglu enn fyrri kærur sínar og á næstu dögum yfirheyrði lögregla þrjú vitni og ákærða.

Í þágu rannsóknar málsins fylgdist lögregla með ferðum kæranda og ákærða kvöld eitt í október 1991.

Yfirheyrslur fyrir dómi fóru fram þann 9. og 10. febrúar og 25. júní sl. Ákærði hefur mótmælt efni ákærunnar. Kveðst hann ekki hafa ónáðað kæranda í máli þessu eða fjölskyldu hennar.

Vitnið Þórunn Gyða Kristjánsdóttir kveður ákærða hafa áreitt sig með litlum hléum allt frá fyrri hluta ársins 1985. Hafi ákærði þó hætt áreiti sínu í 4–6 mánuði á árinu 1988, eftir að vitnið hafði kært ákærða til lögreglu, en ákærði síðan tekið upp fyrri siði og ónáðað vitnið og ofsótt nær daglega, en mismikið í hvert sinn. Vitnið kvaðst þó „ekki beint“ hafa óttast um líf sitt, en sagði fyrir rétti: „Mér fannst hann vera það ruglaður, að mér fannst þetta geta endað með einhverju verra en á undan hafði gengið.“ Háttsemi ákærða í garð vitnisins hafi m.a. lýst sér í símhringingum heim til vitnisins og á vinnustað, þar sem ákærði hafi kallað vitnið ónöfnum. Hins vegar hafi vitnið nú fengið sér óskráð símanúmer á heimasímann. Vitnið kvaðst þennan tíma aldrei hafa getað farið rólegt um Eskifjarðarbæ, án þess að eiga það á hættu að ákærði myndi ónáða vitnið. Hafi ákærði mörgum sinnum truflað vitnið við akstur um götur Eskifjarðar með því að aka bifreið sinni í veg fyrir bifreið vitnisins, fyrir aftan bifreið vitnisins og upp að hlið bifreiðar vitnisins, stíga á hemla á vitlausum augnablikum, blika ljósum bifreiðar sinnar og/eða kveikja á neyðarljósum. Þá hafi ákærði oft ónáðað vitnið er vitnið hafi verið á gangi um götur bæjarins, t.d. með því að aka að vitninu, opna gluggann á bifreið sinni og hrópa og kalla til vitnisins, þá oft „áróður og svívirðingar“, en einnig oft bull, sem vitnið hafi ekki skilið, eins og vitnið komst að orði. Hins vegar kvaðst vitnið ekki minnst þess að

ákærði hefði ónáðað sig, er vitnið hefði mætt ákærða gangandi á förnum vegi. Einnig hafi ákærði oft lagt bifreið sinni fyrir framan hús vitnisins á Mjóeyrinni, nokkuð fyrir utan bæinn, og flautað þar bæði oft og lengi. Vitnið lýsti sérstaklega sumum ónæðisathöfnunum. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í sérstöku vinfengi við ákærða áður en ónæðið hafi byrjað, en hafa eitt sinn snemma árs 1985 ásamt vinkonu sinni þegið bílfar með ákærða á dansleik, en síðar hafi ákærði komið til föður vitnisins og tjáð honum að þau væru trúlofuð og vitnið væri að svíkja sig í tryggðum.

Við meðferð málsins fyrir dómi voru yfirheyrð mörg önnur vitni og verður nú stuttlega gerð grein fyrir framburði þeirra.

Vitnið Guðmundur Gunnlaugsson kvað ákærða hafa ónáðað kæranda á árinu 1985.

Vitnið Gunnar Jónsson kvaðst hafa verið í sambúð með kæranda frá árinu 1989 og þá strax á fyrsta degi hafi borið á ónæði frá ákærða. Kvað vitnið ónæðið hafa átt sér stað nær daglega og einnig beinst að vitninu, en nefndi að svo hafi virst sem ákærði hafi sérstaklega reynt að ónáða kæranda, er hann hafi talið að vitnið væri ekki heima. Nefndi vitnið að nýlega hefði það komið að konu sinni heima, og hefði hún þá „gjörsamlega fallið saman af álaginu“, eins og vitnið komst að orði. Lýsti vitnið ónæðisathöfnum ákærða á sömu lund og kærandi og lýsti sérstaklega nokkrum tilvikum. Kvað vitnið ákærða hafa oft verið mjög munnljótan í garð konu sinnar.

Arnar Birgisson, tólf ára sonur kæranda, kvaðst einnig hafa orðið fyrir áreiti af hálfu ákærða, en hún hefði dvínað undanfarið. Aðspurt um það, hvort vitnið hefði verið hrætt við ákærða, sagði vitnið: „Ég var hræddur við hann en þetta var miklu minna þegar ég fór að þekkja hvernig þetta var.“ Vitnið kvað ónæðið aðallega lýsa sér í því, að ákærði hefði kallað að vitninu. Nefndi vitnið tvö tilvik þar sem það hefði forðað sér vegna hræðslu, en í annað sinn hafi afi vitnisins verið akandi á eftir vitninu, er það hafi verið að hjóla heim til sín, en vitnið talið að um ákærða hafi verið að ræða. Hitt tilvikið hafi átt sér stað um mitt síðasta sumar. Hafi vitnið þá verið á gangi ásamt Birni Ívari Haukssyni, skólafélaga sínum, og hafi ákærði þá gert sér að leik að aka margoft fram hjá þeim og kalla einhverja vitleysu að þeim. Hafi þeir því gripið til þess ráðs að fela sig á róluvelli, en síðan læðst heim til Björns Ívars þar sem vitnið hafi fengið að hringja í móður sína sem sótt hafi vitnið, því að það hafi ekki þorað eitt heim.

Vitnið Björn Ívar Hauksson staðfesti þessa sögu félaga síns og kvaðst oft hafa orðið vart við ónæði af hálfu ákærða í garð Arnars, en ekki í garð annarra barna.

Vitnið Kristján V. Kristjánsson, faðir kæranda, kvað ákærða hafa eitt

sinn komið til vitnisins, og hefði af orðum ákærða mátt skilja, að ákærði og kærandi væru á leið í sambúð. Vitnið kvaðst ekki sjálfst hafa orðið vart við ofsóknir ákærða í garð dóttur sinnar eða barnabarns, en minnst þess að dóttursonur sinn hefði eitt sinn að kvöldlagi reynt að forða sér á hjóli undan vitninu er það var að aka út á Mjóeyrina, og gefið þá skýringu, að hann hafi haldið að vitnið væri ákærði.

Vitnið Kristín Lukka Þorvaldsdóttir, kunningjakona kæranda, kvaðst hafa orðið vart við ónáði af hálfu ákærða í garð kæranda frá þeim tíma er kærandi og sambýlishaustur hennar hafi verið að draga sig saman. Lýsti vitnið athöfnum ákærða á svipaðan hátt og kærandi, auk þess kvað vitnið ákærða hafa oft og lengi þeytt flautu á bifreið sinni fyrir utan hús vitnisins er kærandi var þar í heimsókn. Þá kvað vitnið það stundum hafa gerst, er kærandi var í heimsókn hjá vitninu, að síminn hefði hringt, en sá, sem hringt hefði, hefði þagað í stuttan tíma og síðan lagt á.

Vitnið Jóna Kolbrún Halldórsdóttir, samstarfsmaður kæranda á bæjarskrifstofum Eskifjarðar, kvaðst hafa snemma árs 1988 orðið vart við ónáðissímtöl á vinnustað þeirra. Hefði sá, sem hringdi, spurt um kæranda og verið með ákveðin orðatiltæki og „frasa“ og hefði það borið við, að sagt hefði verið „eithvað leiðinlegt“, eins og vitnið komst að orði. Kvaðst vitnið hafa þekkt rödd ákærða í símanum. Um tíðni þessara hringinga, sagði vitnið: „Það var nokkuð misjafnt. Mér fannst þetta lýsa sér í dálitlum „törnum“. Stundum var hringt jafnvel fjórum til fimm sinnum á dag, en svo liðu kannski dagar á milli.“ Vitnið kvaðst hafa orðið vart við, að ákærði hefði verið að ónáða kæranda, og nefndi að eitt sinn árið 1991 hefði kærandi ekki viljað fara úr bifreið sinni við bæjarskrifstofurnar þar sem ákærði hefði verið búinn að leggja bifreið sinni við hennar bifreið og verið með háðsglósur til kæranda. Hafi kærandi hins vegar yfirgefið bifreið sína er vitnið kom að en ákærði farið eftir að vitnið hafði hótad að kalla á lögreglu. Hafi umrætt atvik átt sér stað snemma dags, áður en skrifstofurnar voru opnaðar.

Vitnið Ágústa Egilsdóttir kvaðst minnst þess að í mars 1991, er vitnið hefði verið við vinnu sína í fyrirtækinu Sporði hf., Eskifirði, hefði kærandi komið inn og virst hrædd og í mikilli geðshræringu, og hefði vitnið þurft að fylgja henni í næsta hús, svo að hún kæmist í síma. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir ákærða, er út kom, og hefði bifreið ákærða og kæranda staðið hvor á móti annarri á þröngri götunni.

Vitnið Kristbjörg Júlíanna Hallgrímsdóttir kvaðst hafa komið að bifreiðum þeirra við fiskverkunarhús Sporðs hf., en ekki getað komist leiðar sinnar vegna staðsetningar bifreiðanna. Hefði kærandi setið inni í bifreið sinni og legið á bílflautunni, en ákærði stigið úr bifreið sinni og gengið til vitnis-

ins og sagt, að hann myndi ekki færa bifreið sína, því að kærandi hefði einhverjum dögum áður ekið á sína bifreið. Í þann mund hefði kærandi farið úr bifreið sinni og hlaupið í átt að fiskverkunarhúsinu, en ákærði rífið í handlegg kæranda, sem slitið hefði sig lausa og farið í húsið.

Vitnið Helgi Rafnsson lögreglumaður kvað kæranda hafa hringt í lög-reglu, og hefði ákærði fært bifreið sína eftir ósk vitnisins á vettvangi. Lögreglumaðurinn kvað ákærða hafa talað um að kærandi hefði einhverjum dögum áður ekið á bifreið hans, en hins vegar hefði ákærði ekki kært það.

Vitnið Elsa Þórisdóttir kvaðst hafa átt barn á svipuðum tíma og kærandi, í apríl 1992. Eftir fæðingu barnanna hefðu þær haft mikil samskipti. Kvaðst vitnið hafa spurt kæranda af hverju hún æki aldrei barnavagni um götur bæjarins, og hefði kærandi svarað því til, að það væri vegna ónæðis frá ákærða. Vitnið kvaðst því hafa boðist til að ganga með henni heim að lokinni göngu. Hafi þær farið nær daglega í göngutúra þetta sumar og haust, en flesta daga þetta tímabil hafi ákærði verið að áreita þær, stundum oft á dag. Hafi ákærði ekið bifreið sinni að þeim, stundum ógætilega, og hrópað og skrækt og þeytt flautu bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við ónæðishringingar frá ákærða heim til kæranda, en nefndi að kærandi hafi þá verið búin að fá óskráð símanúmer.

Vitnið Guðný Stefánsdóttir, er bjó á nefndu tímabili í sama húsi og kærandi, kvað ákærða hafa oft undanfarin ár ekið að húsi þeirra í Mjóeyrinni og þeytt flautu bifreiðar sinnar „í tíma og ótíma“, eins og vitnið komst að orði.

Þann 26. október 1991 fóru lögreglumennirnir Jónas Wilhelmsson og Hafsteinn Larsen á óeinkennndri lögreglubifreið um götur Eskifjarðar til að fylgjast með ökuferð kæranda og eiginmanns hennar að höfðu samráði við þau m.t.t. meints ónæðis af hálfu ákærða. Fyrir dómi skýrði vitnið Jónas Wilhelmsson svo frá atburðum: „Það voru ekki ákveðnar sérstakar leiðir, heldur skyldi hún fara venjulegan kvöldrúnt. Það kom mér verulega á óvart hvað maðurinn var girugur í sínu ónæði. Þessi tími sem ákveðinn var, var ákveðinn vegna þess, að á þessum tíma var mikil vinna hérna og lítil umferð í bænum þannig að við gætum með auðveldara móti fylgst með þessari ökuferð. Við þekktum bifreið ákærða en að vísu var myrkur. Hann flautaði, hann blikaði háum og lágum ljósum, ók á eftir henni, fór fruntalega fram úr bifreið hennar, mjög gassalega, og hægði síðan mjög á, þegar hann var kominn fyrir framan hana þannig að hún þurfti að hægja mjög á. Við Eskikjör í Útkaupstaðarbraut stóð Þórunn við bílinn, og með henni stóð sambýlishaustur hennar, Gunnar Jónsson. Þar fara þau að skoða í glugga, ég legg lögreglubifreið í götunni og við Hafsteinn Larsen förum og göngum að þeim. Þá kemur Guðjón að, og um það bil, er hann er að fara fram hjá,

skrúfar hann niður rúðuna og gargar einhverja orðaleppa sem við skildum ekki.“ Síðar í þinghaldinu sagði vitnið: „Hann elti hana, hvert sem hún fór, t.d. keyrði í tvígang í veg fyrir hana á höfninni og inn á Bræðslubryggju, eins og við segjum hérna, þá gerði hann nákvæmlega það sama. Hann gerði þetta ekki gagnvart öðrum. Það má kannski nefna hér, að hann vissi vel, að við værum að skoða, það er ég alveg viss um og hann hringdi í mig daginn eftir og hundskammaði mig. Hann reyndi t.d. einu sinni að stinga okkur af þetta kvöld, en það var í lagi. Við eltum hann ekki, heldur fylgdumst með Þórunni, því að hann „dúkkaði alltaf upp“ gagnvart henni.“

Framburður lögreglumannsins Hafsteins Larsen, kæranda og sambýlismanns hennar um atburði þann 26. október 1991 samræmist framburði Jónasar Wilhelmssonar.

Í gögnum málsins er spóla með upptökum á 28 símtölum sem tekin voru upp á símsvara sem tengdur var við heima- og vinnusíma kæranda. Kærandi kveður símtölin hafa verið tekin upp á einum mánuði sumarið 1990. Upptökur voru ekki framkvæmdar af lögreglu, heldur kæranda sjálfum og með samþykki bæjarstjórans á Eskifirði. Samkvæmt þessum upptökum er sá, sem ræðir við kæranda, með leiðindi í hennar garð og kallar hana ýmsum ónöfnum. Sá, sem talar við kæranda í símann, kallar sig stundum Guðjón, Guðjón Hjaltason eða Guðjón Hjalta og svarar stundum því nafni. Viðkomandi kallar sig líka eskfirskan athafnamann sem eigi rækjuverksmiðju. Þá er kærandi skv. upptökunum oft nefnd sömu ónöfnum og ákærði á að hafa kallað kæranda skv. framburði ýmissa vitna. Lögreglumennirnir Jónas Wilhelmsson og Úlfar Jónsson hafa báðir fullyrt fyrir dómi að hér sé um að ræða rödd ákærða. Kærandi og eiginmaður hennar hafa og fullyrt að hér sé um að ræða rödd ákærða, en af samtölunum á hljóðsnældunni má ráða að viðkomandi aðilar þekkist.

Ákærði hefur, eins og áður segir, mótmælt efni ákærunnar. Hann hefur neitað fyrir dómi að svara spurningu um það hvort þetta hafi verið hans rödd í segulbandsspólunni. Hann hefur svarað því til fyrir dómi að hann þekki ekki rödd sína af segulbandi, auk þess sem hann hafi aldrei hringt heim til kæranda. Við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 24. október 1990 kemst ákærði eins að orði um að hann hafi aldrei heyrt rödd sína á segulbandsspólu. Hann viðurkenndi hins vegar að hafa átt tvö af þeim símtölum sem tekin voru upp, m.a. að hafa kallað kæranda „lygatúrbinu“ og „lygadrullupíku“.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði því, sem lagt var fram við þingfestingu málsins, gekkst ákærði undir dómsátt á árinu 1980 vegna umferðarlagabrots. Þá var

þess getið að ákærði hefði þann 11. febrúar 1988, þann 14. febrúar 1991 og þann 12. mars 1991 verið áminntur af lögreglu í samræmi við ákvæði 232. gr. almennra hegningarlaga, en við rannsókn málsins kom í ljós að ákærði hefur einungis tvisvar verið áminntur af lögreglu og var því í málinu lagt fram nýtt sakavottorð.

Niðurstöður.

Framburður ákærða hjá lögreglu og fyrir rétti er óljós, en ákærði hefur, eins og áður segir, mótmælt efni ákærunnar, en lítið viljað tjá sig um einstök tilvik sem vitni hafa lýst. Af framburði ákærða má ráða, að hann hafi talið sig eiga sökótt við bæjaryfirvöld á Eskifirði, en Þórunn Gyða Kristjánsdóttir er starfsmaður á bæjarskrifstofunum, eins og áður er nefnt.

Prátt fyrir neitun ákærða er sannað skv. framburði vitna, að ákærði hefur ónáðað og ofsótt Þórunni Gyðu Kristjánsdóttur. Flest vitnin nefna ákveðin tilvik í þessu sambandi, en þau, sem gerst þekkja til, segja ónæðið hafa verið viðvarandi og m.a. vegna þess sé erfitt að nefna nákvæmlega hvenær hinir einstöku atburðir, sem spurt var um í réttinum, áttu sér stað. Þó kemur fram hjá vitnum að ákærði hafi ofsótt kæranda eftir fyrri áminningu lögreglu og einnig eftir þá síðari.

Eins og áður segir kallaði Björn Halldórsson lögreglufulltrúi ákærða fyrir þann 11. febrúar 1988 og bókaði svo í lögregluskýrslu, sem ákærði undirritaði: „Guðjón er mættur hjá rannsóknarlögreglunni, samkv. boðun, en hann er ákærður (sic) fyrir að hafa áreitt og ofsótt Þórunni Gyðu Kristjánsdóttur, Strandgötu 120, Eskifirði, undanfarin ár. Gætt er 40. gr. 1. mgr. l. nr. 74/1974 og skýrir mætti svo frá, áminntur um sannsögli: Mætti kveðst ekki svara spurningum, þar sem hann segist vera of mikill maður til þess. Þá segir mætti að Þórunn viti betur en það, að það sanna komi ekki fram. Mætta er nú bent á, að hann sé áminntur samkv. 232. gr. hgl. og er mætta kynnt greinin. Hann segist skilja greinina og hugsanlegar afleiðingar, ef áminningin verður ekki virt.“

Lögreglumaðurinn hefur nefnt að tveir vottar hafi verið að áminningunni, en ákærði þvertekið fyrir það að svo hafi verið, en á nefnda skýrslu er ekki vottað og ekki hefur komið fram hverjir eigi að hafa gert það. Ákærði hefur haldið því fram að Björn Halldórsson lögreglumaður hafi sagt sér að ekki yrði frekar aðhafst í málinu, en lögreglumaðurinn hefur þvertekið fyrir að hafa viðhaft orð þess efnis við ákærða. Hins vegar hefur verið upplýst við meðferð málsins fyrir dómi að tilkynning um áminninguna var ekki send Sakaskrá ríkisins fyrr en rúmlega tveimur árum eftir að áminnt var. Ákærði og lögreglumaðurinn hafa báðir borið að viðkomandi lagagrein hafi verið lesin upp fyrir ákærða nefnt sinn og kærandi hefur sagt að ákærði

hafi hætt ofsóknum í 4–6 mánuði eftir þessa áminningu. Þrátt fyrir ágalla við áminninguna verður talið að ákærði hafi skilið eða mátt skilja efni áminningarinnar, og telst hún, eins og á stendur, uppfylla skilyrði 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sýnt er að áminnt var að gefnu tilefni.

Í gögnum málsins er bókun um áminningu lögreglunnar frá 12. mars 1991. Þar er skýrlega bókað um efni áminningarinnar og áhrif hennar. Ákærði var áminntur af Jónasi Wilhelmssyni varðstjóra í viðurvist Elvars Óskarssonar varðstjóra og ákærða sem skrifaði undir skjalið.

Í þinghaldi þann 9. febrúar sl. kvaðst ákærði ekki minnst þess að sér hafi verið veitt síðari áminningin, en í þinghaldi þann 25. júní sl. kvaðst ákærði muna eftir að hafa hlotið þá áminningu.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, er sannað að ákærði hefur á árunum 1988–1992 ofsótt og ónáðað Þórunni Gyðu Kristjánsdóttur með þeim hætti sem nefnt er í ákæru, þrátt fyrir það að ákærði hafi tvisvar verið varaður við af lögreglu í samræmi við 232. gr. almennra hegningarlaga.

Telst háttsemi ákærða því varða við þá lagagrein sem getið er í ákæruskjali.

Geðhagir ákærða.

Að tilhlutan ákæruvaldsins fór ákærði í viðtöl hjá Jóni Friðrik Sigurðssyni sálfræðingi þann 28. janúar 1993, þar sem hann gekkst undir ýmis sálfræðileg próf. Niðurstöður sálfræðingsins eru eftirfarandi:

„— — —

Að því er varðar mat á sakhæfi Guðjóns þá er það mat undirritaðs að Guðjón hafi átt við að stríða visst ójafnvægi á geðsmunum sem undanfara verknaða þeirra sem mál þetta snýst um. Það er þó álit undirritaðs að framangreint ójafnvægi hafi að líkindum ekki verið á svo háu stigi að hann hafi ekki átt að vera fær um að gera sér grein fyrir hugsanlegum afleiðingum atferlis síns. Það er því mat undirritaðs að 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi ekki við í þessu tilviki, né heldur virðast ákvæði 16. gr. sömu laga uppfyllt samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Guðjón Hjörvar Hjaltason telst því sakhæfur.“

Refsing.

Með hliðsjón af þeim gögnum, sem fram hafa komið um geðhagi ákærða, telst ákærði sakhæfur.

Hér er um að ræða samhverft brot, en við ákvörðun refsingar verður að hafa í huga að brot ákærða er stórfellt og að því er virðist án tilefnis. Þrátt fyrir það að ákærði hafi ekki áður verið fundinn sekur fyrir rétti um brot á

almennum hegningarlögum, verður að hafa í huga við ákvörðun refsingar að ákærði var tvisvar áminntur af lögreglu vegna háttsemi sinnar.

Í 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga segir að viðurlög við broti varði „sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum“.

Að hálfu ákærvaldsins hefur því verið haldið fram að refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga geti orðið varðhald í tvö ár, en verjandi ákærða hefur mótmælt þeirri túlkun og talið að varðhaldsrefsing geti mest orðið 6 mánuðir fyrir brot gegn ákvæðinu.

Ákvæði 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga er sambærilegt 265. gr. dönsku hegningarlaganna. Við samningu frumvarps að almennum hegningarlögum nr. 19/1940 voru hegningarlögin dönsku frá 1930 að miklu leyti höfð til hliðsjónar. Hins vegar er hámarkstími varðhaldsrefsingar skv. dönsku hegningarlögunum 6 mánuðir, en 2 ár skv. íslensku hegningarlögunum. 1. mgr. 232. gr. hegningarlaganna íslensku var breytt með lögum nr. 16/1976, en áður hafði hámarksrefsing verið 6 mánaða varðhald. Í greinargerð með lögum nr. 16/1976 segir m.a.: „Sýnist vera þörf á auknum refsiviðurlögum, sem m.a. gera það mögulegt að beita mann gæsluvarðhaldi, meðan á rannsókn stendur, sbr. hins vegar nú 1. tölulið 69. gr. laga nr. 74/1974 og 3. mgr. 65. gr. stjórnarskrár . . .“ Þá má hafa í huga reglu 1. mgr. 79. gr. almennra hegningarlaga sem var í gildi er lögin nr. 16/1976 voru sett, en þessi regla var felld úr lögum árið 1988, en hún kvað á um að þegar breyta skyldi refsingu þeirri sem við broti var lögð, teldist tveggja daga fangelsi jafnt þriggja daga varðhaldi.

Samkvæmt orðum greinargerðar með lögum nr. 16/1976 er óvíst að lögjafinn hafi ætlað að auka hámark varðhaldsrefsingar fyrir brot gegn ákvæðinu heldur einungis að láta brotið einnig geta varðað fangelsisrefsingu. Þrátt fyrir það að ákvæði 1. mgr. 232. gr. tiltaki ekki sérstakt hámark varðhaldsrefsingar fyrir brot sem þetta, verður í samræmi við meginreglur um lögskýringu í refsirétti og með hliðsjón af framansögðu að telja þennan vafa við túlkun varðandi refsihámark ákærða í hag, þannig að fangelsisrefsing í 6 mánuði sé hámarksrefsing fyrir brot gegn 1. mgr. 232. gr. og að mönnum verði eigi ákveðið lengra varðhald en í 6 mánuði fyrir brot gegn ákvæðinu. Verður refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af þessari niðurstöðu um refsihámark.

Þar sem ákærði hefur ekki áður sætt varðhalds- eða fangelsisrefsingu þykir skv. framansögðu rétt að ákærði sæti varðhaldsrefsingu, sem ákveðst hæfileg 4 mánuðir, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum fjórum árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar, kr. 80.000,00, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðjón Hjörvar Hjaltason, sæti varðhaldi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og sá hluti hennar niður falla að liðnum fjórum árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar lögfræðings, kr. 80.000,00, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000,00.
